

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 13/8-15/8 2017

Nafn fyrirtækis: Landsnet

Fjöldi klst: 24

Tengiliður fyrirtækis: Þórarinn Bjarnason

Framkvæmdasvæði: Kröflu- og Þeistareykjalína
Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Lega línuvegur með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða, sbr. samning um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar með framkvæmdum Landsnets vegna framkvæmda við Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4, og sbr. álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Staða verks: Skoðaður frágangur við möstur og línuveg í Reykjahlíðarlandi. Skoðaður frágangur frá mastri 36 að m-20. Farið yfir hugmyndir um frágang slóða. Lögð áhersla á að fjarlægja eigi rastir og grjóthnullunga úr köntum og móta slóðina. Farið yfir frágang frá mastri 1 að m-7. Þarna þarf að leggja áherslu á að móta betur skeringar og vegfláa. Einnig farið yfir frágang gryfju við m-5. Farið um Leirhnúkshraun þar sem ítrekað var að fjarlægja gróft efni og móta veginn, einnig að fjarlægja rastir þar sem hraungrýti er í köntum. Farið yfir frágang línuvegur með Ævari og þar var einnig lögð áhersla á að fjarlægja gróft efni úr köntum, sérstaklega þar sem notað var efni úr námu RH-7/8 sem er næsta náma norðan við Jónsnípuskarð, en þetta efni getur verið mjög gróft. Grófasta efnið ætti einnig að fjarlægja úr slóðum, plönnum og mætingarplönnum.

Farið yfir stekkingarplön í Reykjahlíðarlandi með Eflu. Þar sem plönin lenda á melum var lögð áhersla á að slétta plönin og keyra eins lítið efni í þau og mögulegt er. Að lokinni strekkingu ætti að draga efnið aftur yfir plönin án þess að fjarlægja efni ef það er nægjanlega þunnt.

Við mastur 3 var ákveðið að fara að strekkingarplani frá gróðurlitlum mel í stað þess að fara í jaðar masturs. Þar þyrfti að fara um vatnsrás auk þess sem aðkoma að plani yrði mjög brött. Ákveðið var að marka slóð og jafna plan með jarðýtu. Að strekkingu lokinni ætti að bakdraga efni úr jöðrum yfir plan og slóð.

Ábendingar: Landsnet ætti að kanna hvort unnt sé að ljúka frágangi vega að lokinni reisingu línunnar þar sem talsverð ummerki verða eftir umferð tækja sem notuð eru við samsetningu og reisingu.

Einnig mætti huga fyrir að staðsetningu strekkingarplana þannig að unnt væri að gera þau með annarri jarðvinnu.

Frávik:

Niðurstaða eftirlits: Námur eru ófrágengnar sem og loka snyrting línuvegjar. Umgengni verktaka er góð.

Fylgiskjöl:

Björn Stefánsson

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.